

## S A M Þ Y K K T

187

31. okt.

## um sveitarstjóra í Hafnarhreppi í A.-Skaftafellssýslu.

## 1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og skal kjörtími hans sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

## 2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. En atkvæðisrétt hefur hann eigi, nema hann sé hreppsnefndarmaður.

## 3. gr.

Sveitarstjóri skal hafa á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur skýrslur hennar og reikninga og annast bókun alla og bréfavíðskipti. Hann geymir bækur hreppsnefndar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, sem í vörzlu hreppsins eru og hreppsnefnd skal hafa ábyrgð á. Þá skal hann og sjá um, að öll þau störf sem hreppsnefnd ber að annast, séu sem bezt af hendi leyst.

Meðan eigi er ráðinn sveitarstjóri, svo og í forföllum hans, skal oddviti annast störf hans.

## 4. gr.

Ef hreppsnefnd krefst þess, skal sveitarstjóri setja þá tryggingu, sem hún ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi samkv. 3. grein.

## 5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi, sem um getur í 6. gr. hér á eftir og greiddast þau úr sveitarsjóði.

## 6. gr.

Eftir að ráðning sveitarstjóra hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, skal oddviti, fyrir hönd hreppsnefndar gera við hann ráðningarsamning. Skal þar nánar ákveðið um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, er rétt þykir að taka þar fram. Samningur þessi skal samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila á samningi þessum skulu vera 6 mánuðir.

## 7. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um ítrekaða vanrækslu í starfi og skeytir eigi áminningum hreppsnefndar, og getur hreppsnefnd þá, með fundarsamþykkt, vikið honum frá störfum. En frávikninguna skal tilkynna félagsmálaráðuneytinu.

Oddviti gegnir þá starfi sveitarstjóra, unz nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 19 14. febrúar 1951 um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1960.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*